

## Meginatriði greiðsludreifingar í nýju greiðsluþátttökukerfi lyfja

Úrræði til að koma til móts við greiðsluvanda í nýju lyfjagreiðslukerfi. Hér á eftir verður tæpt á þeim úrræðum sem til staðar eru og einnig gerð grein fyrir fyrirkomulagi greiðsludreifinga sem í boði er af hálfu Sjúkratrygginga Íslands.

### Úrræði einstaklings sem er í greiðsluvanda við lyfjakaup

#### Forsendur og þakkingar

- Óska eftir smærri þakkingum eða lyfjaskömmtum og dreifa með því úttekt lyfja.

#### Greiðsluúrræði í greiðsluvanda

- Greiða með greiðslukorti.
- Greiða með greiðslukorti og dreifa síðan greiðslum hjá sínum viðskiptabanka.
- Sækja um greiðsludreifingu Sjúkratrygginga Íslands, (**krefst endurkomu í apótek**).

Einnig má benda á að einstaklingur kann að eiga rétt á endurgreiðslu hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna mikils lyfjakostnaðar.

## Greiðsludreifing Sjúkratrygginga Íslands

Eftirfarandi eru mikilvægustu atriði greiðsludreifingar:

- Greiðsludreifing SÍ stendur einstaklingi til boða einungis einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili. Mikilvægt er því að nýta greiðsludreifingarmöguleika á dýrar úttektir. Forsenda greiðsludreifingar er að um greiðsluþátttökuskyld lyf sé að ræða.
- Krefst samþykkis SÍ, (SÍ athugar hvor greiðsludreifing hafi verið nýtt áður á þessu 12 mánaða tímabili og hvort viðkomandi í skilum við SÍ frá fyrra tímabili).
- Svar SÍ berst innan 24 stunda á virkum dögum.
- Boðið er upp á reiknivél á vef SÍ til að reikna út greiðslur.
- Fyrsta greiðsla er ávallt greidd í apóteki. Frekari afborganir innheimta Sjúkratryggingar Íslands með því að senda greiðsluseðla.
- Gjaldtagi fyrstu afborgunar er 30 dögum eftir dagsetningu samnings.

### Áhrif greiðslufalls á lyfjakaup

Greiðslufall er það þegar einstaklingur stendur ekki við gerðan samning um greiðsludreifingu. Við greiðslufall fellur greiðsludreifing niður. Við næstu komu í apótek þarf einstaklingur að greiða m.v. þá forsendu að gjaldfallin greiðsla / greiðslur voru ekki inntar af hendi.

Einstaklingur þarf þá við næstu lyfjakaup að greiða það sem ógreitt var frá fyrstu kaupum þó ekki hærrí fjárhæð en sem nemur heildarverð lyfja sem verið er að afgreiða.

Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni :

<http://www.sjukra.is/lyf-og-hjalpartaeki/lyf/nytt-greidsluthattokukerfi-vegna-lyfja-i-vaentanlegt/urraedi-vegna-lyfjakaupa/greidsludreifing-vegna-lyfjakostnadar/>